

Eineltisáætlun

Eineltisáætlun Austurborgar

Einelti er endurtekið ofbeldi, líkamlegt eða andlegt, sem stýrt er af einstaklingi eða hópi beinast að einstaklingi sem ekki tekst að verja sig. Einelti getur birst í ýmsum myndum þótt algengast sé að flokka það í tvo flokka, andlegt og líkamlegt.

- Líkamlegt: barsmíðar, spörk, hrindingar eða skemmdaverk.
- Andlegt: þegar barnið er þvingað til að gera eitthvað sem stríðir algjörlega gegn réttlætiskennd þess og sjálfsvirðingu.
- Munnlegt: uppnefni, niðrandi athugasemdir og endurtekin stríðni.
- Skriflegt: tölvuskeyti, sms-skilaboð, bloggsgíðuskrif, krot og bréfsendinga.
- Óbeint: baktal, útskúfun eða útilokun úr félagahópi.
- Efnislegt: eigum barnsins stolið eða þær eyðilagðar.

Einelti er ofbeldi sem getur haft alvarlegar afleiðingar í för með sér bæði fyrir þolanda og geranda. Andlegt ofbeldi hefur oft verri afleiðingar í för með sér en líkamlegt. Einelti hefur iðulega alvarleg áhrif á líðan, félagsþroska einstaklinga og nám.

Markmið með eineltisáætluninni er að gera starfsfólk leikskóla meðvitaðra um einelti í allri sinni mynd þannig að þeir þekki einkennin og geti brugðist við þeim. Einelti fær illa þrífist þar sem góð samskipti ríkja.

Til að sporna gegn einelti er mikilvægt að:

- Vinna með samskipti, vináttu, félagsþroska, samkennd, samhygð og setja sig í spor annarra.
- Styrkja einstaklinginn og byggja hann upp fyrir framtíðina.
- Skoða aðstæður í leikskólanum með tilliti til eineltis

Mikilvægt er að allir starfsmenn leggi sömu merkingu í orðið einelti. Leikskólastjóri ber ábyrgð á að eineltisáætlun sé kynnt reglulega.

Einelti birtist í mörgum myndum:

- starfsmaður/starfsmaður
- barns/barn
- starfsmaður/barn
- barn/starfsmaður

Allir eiga það á hættu að tengjast einhvern tíma einelti á einn eða annan hátt, sem þolandi, gerandi eða áhorfandi. Verði starfsmaður vitni að einelti ber honum að bregðast við því, með því að veita upplýsingar sem fyrir hendi eru svo hægt sé að taka sem fyrst á málinu. Starfsmenn eru allir ábyrgir varðandi greiningu og lausn eineltismála. Starfsmenn eiga að vera jákvæðar fyrirmyndir, vanda orð sín og athafnir og bera virðingu fyrir tilfinningum og sérkennum annarra. Leikskólastjóri er alltaf ábyrgur fyrir þeirri vinnu sem fer í gang varðandi eineltismál leikskólans.

Vinnuferli eineltismála:

- Grunur um einelti er tilkynnt til leikskólastjóra.
- Leikskólastjóri leitar eftir frekari upplýsingum frá deildarstjóra þeirrar deildar sem eineltið á sér stað.

- Deildarstjóri vinnur að upprætingu eineltis á deildinni með hjálp aðstoðarleikskólastjóra og starfsmönnum deildar.
- Byrjað er að vinna með barnið/starfsmanninn strax þar sem notaðar eru þær aðferðir sem leikskólinn leggur til.
- Ef grunur er um einelti í starfsmannahópnum þá kallar leikskólastjóri eftir faglegri aðstoð frá Skóla og frístundasviði borgarinnar.

Hugmyndir að fyrirbyggjandi vinnu með börnunum:

- Gera athuganir um samskipti.
- Kortleggja aðstæður í leikskólanum, hver eru „gráu svæðin“?
- Kanna líðan barnanna.
- Skoða félagsleg tengsl í barnahópnum. Eiga öll börn vini í leikskólanum?
- Styrkja sjálfsmynd barnanna, æfa þau í samskiptum, að tjá tilfinningar sínar og að setja sig í spor annarra.
- Börnin eru þátttakendur í að búa til samskiptareglur og skilgreina hvað þær þýða, hlutverk þeirra og gildi.
- Lífsleikninám – þar sem unnið er með lífsgildi, dyggðir og samlíðun.
- Vinna með virðingu, samkennd og tilfinningar.
- Fá að tjá tilfinningar sínar og fá viðurkenningu fullorðinna um að þær séu réttlætanlegar.

Hugmyndir að fyrirbyggjandi vinnu með starfsfólki:

- Einn skipulagsdagur á ári tileinkaður samskiptum/einelti þar sem samskiptastefna og eineltisáætlun er yfirfarin og endurskoðuð.
- Markviss fræðsla um einelti og samskipti t.d í símenntunaráætlun.
- Umræður og fræðsla um samskipti sem þarf að vera stöðug í brennidepli.
- Gera athuganir um samskipti.
- Kortleggja aðstæður í leikskólanum, hver eru „gráu svæði“?
- Vinna með virðingu, samkennd og tilfinningar.
- Starfsmenn þurfa að fá tækifæri til að tjá tilfinningar sínar og fá viðurkenningu frá hinum um að þær eigi rétt á sér.